

Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga þriðjudaginn 9. desember 2014, kl 9.30, fundurinn var fjarfundur með Lync fjarfundarforriti. Mætt voru Friðbjörg Matthíasdóttir, formaður, Baldur Smári Einarsson, Daníel Jakobsson, Ingibjörg Emilsdóttir og Sigurður Hreinsson. Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar 27. nóvember 2014  
Lögð fram fundargerð stjórnarfundar 27. nóvember s.l. til staðfestingar. Fundargerð hefur áður verið send í tölvupósti. Fundargerð staðfest.
2. Almenningsamgöngur

Lagt fram minnisblað frá Páli Brynarsyni, framkvæmdastjóra SSV. „Viðræður landshlutasamtaka í Norðvestur-kjördæmi og Eyþings um almenningssamgöngur“

Í minnisblaðinu kemur fram að Páll hefur verið fulltrúi fyrir landshlutasamtökin í Norðvestur-kjördæmi (FV,SSNV og SSV) í sáttahópi sem hefur haft það verkefni að leysa úr ágreiningi á milli landshlutasamtaka sveitarfélaga í Norðvestur kjördæmi annars vegar og Eyþings hins vegar um uppgjör á rekstri almenningssamgangna á svæðinu á milli Reykjavíkur og Akureyrar. Ásgeir Eiríksson sveitarstjóri í Vogum hefur verið formaður hópsins og fulltrúi fyrir Eyþing er Geir K. Aðalsteinsson fv. formaður Eyþings. Auk þessa sat Einar Kristjánsson frá Strætó bs. síðasta fund hópsins.

Starfshópurinn hefur komist að niðurstöðu að tillögu sem lögð er fyrir stjórnir landshlutasamta sveitarfélaga.

- *Eyþing haldi eftir 12 m.kr. af framlagi Vegagerðar vegna leiðar 57*
- *Sameiginlegt félag SSV, SSNV og FV haldi eftir öllum fargjaldatekjum á leið 57*
- *Umsýsla með leið 57 verði hjá SSV*
- *Samkomulagið gildi frá og með 1. janúar 2014 til 31.12.2015 og verði endurskoðað að þeim tíma liðnum. Jafnframt verði á gildistíma samkomulagsins unnið að varanlegri lausn þar sem tekið er tillit til hagsmuna allra aðila.*

Rætt um efni minnisblaðis.

*Formaður lagði fram tillögu um að FV samþykki aðild FV að samkomulagi FV, SSNV og SSNV við Eyþing á grundvelli efni minnisblaðs Páls Brynjarssonar. Tillagan samþykkt.*

Stjórn FV felur framkvæmdastjóra að kynna efni minnisblaðsins fyrir sveitarfélögum á Vestfjörðum m.a. stofnun félags um almenningssamgöngur á vegum landshlutasamtaka í Norðvestur kjördæmi

3. Önnur mál.

- a. Minnisblað varðandi frumvarp til fjárlaga 2015.

Framkvæmdastjóri kynnti minnisblað sem hann og Jón Jónsson hafa unnið; *Helstu athugasemdir við fjárlagafrumvarp að framkomnum breytingatillögum fjárlaganefndar fyrir 2. umræðu*

Rætt um efni minnisblaðs og stjórn felur framkvæmdastjóra að senda erindi á fjárlaganefnd Alþingis á grundvelli þess. Efni minnisblaðsins verði einnig kynnt þingmönnum og fyrir mennta og menningarmálaráðherra, innanríkisráðherra og sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra,

- b. Demographic call, minnispunktar af Skype fundi 27. nóvember 2014  
Lagt fram til kynningar minnispunktar af verkefnafundi í Demographic call þann 27. nóvember s.l..

- c. Fundargerð stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál.

Lögð fram til kynningar fundargerð 9. fundar stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál.

- d. Fundargerð samráðsfundar stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál með landshlutasamtökum sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar minnisblað Jóns Jónssonar af samráðsfundi stjórnarráðsins um byggðamál með landshlutasamtökum sveitarfélaga þann 5. desember s.l.. Að hálfu FV sátu fundinn þau Ingibjörg Emilsdóttir, stjórnarmaður og Jón Jónsson, menningarfulltrúi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 10.00